

Fimmtudaginn 24. mars 1994.

Nr. 463/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Davíð Trausta Oddssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði hefur áfrýjað máli þessu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1993. Krefst ákærvaldið sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða auk greiðslu skaðabóta ásamt vöxtum, eins og krafa var gerð um í ákæruskjali.

Ákærði viðurkennir þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, en andmælir því, að hún varði við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fer hann fram á, að refsing hans verði milduð og skilorðsbundin, en fellst á ákvörðun héraðsdómara um skaðabætur.

Frásagnir ákærða og vitna af atvikum málsins eru raktar í hinum áfrýjaða dómi. Af þeim verður ráðið, að ákærði hafi efnt til orðaskipta við Karl Friðrik Bragason, jafnaldra hans, þar sem hinn síðarnefndi var staddur við Lækjartorg í hópi kunningja sinna eftir ýfingar milli hans og bróður ákærða. Spruttu af þessu átök milli þeirra, og kveðst Karl Friðrik hafa reynt að taka ákærða sérstöku taki í þeim tilgangi að snúa hann niður og róa hann. Greip ákærði þá til fjaðurhnífs, sem var í vasa hans, og beitti honum gegn Karli Friðrik. Beindi hann nokkrum stungum að Karli Friðrik, sem komu í bak hans og hægri síðu. Virðist það hafa gerst í svip og meðan hvor hafði tak á hinum, án þess að fullrytt verði um afstöðu þeirra.

Hnífur ákærða var af hättulegri gerð, en jakki Karls Friðriks hlífði honum að nokkru, og óljóst er, hvaða afli var beitt. Sárum

Karls Friðriks og hættu af þeim er lýst í vottorði Björns Þórs Sigurbjörnssonar skurðlæknis og skýrslu hans fyrir dómi. Ósannað er, að ákærði hafi haft í hyggju að svipta Karl Friðrik lífi. Varhugavert er að fullyrða, eins og atvikum var háttað, að ákærði hafi hlotið að sjá fyrir, að atлага hans með hnífnum gæti leitt til bana. Samkvæmt þessu verður verknaður hans talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, vegna hinnar sérstöku hættu, sem í atlögunni fólst.

Refsingu ákærða ber að tiltaka með hliðsjón af ungum aldri hans, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga, ásamt því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Var hún í héraðsdómi ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuðir, og eru ekki efni til að breyta þeirri niðurstöðu. Á 13 daga gæsluvarðhald að koma þar til frádráttar.

Bætur til Karls Friðriks Bragasonar fyrir miska þykja hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Rétt er, að bætur fyrir fjártjón ákvarðist 15.000 krónur og greiðsla vegna lögmannaðstoðar 15.000 krónur. Ber ákærða að greiða þessar fjárhæðir með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

Guðmundur Jónsson gerir þá athugasemd, að hann telji, að staðfesta beri heimfærslu í héraðsdómi á broti ákærða til refsíákvæða með vísan til forsendna hans, en er sammála dóminum að öðru leyti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Trausti Oddsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingunni ber að draga 13 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærði greiði Karli Friðrik Bragasyni 430.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá uppsögudegi dóms þessa til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 15. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-520/1993: Ákærvaldið gegn Davíð Trausta Oddssyni sem tekið var til dóms hinn 13. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. september 1993, á hendur ákærða, Davíð Trausta Oddssyni, Jórufelli 12, Reykjavík, kt. 290975-301, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 25. júlí 1993 við hús héraðsdóms (sic) Reykjavíkur á Lækjartorgi í Reykjavík stungið Karl Friðrik Bragason, fæddan 17. desember 1975, sex hnífstungur með fjaðurhníf, fimm í ofanvert bak og eina í hægri síðu, og gengu tvær þeirra inn í brjósthol hans og leiddu til loftbrjósts bæði hægra megin og minna vinstra megin og samfalls á loftskiptandi lungnavef og var hann fluttur í skyndi á Borgarspítalann þar sem gert var að sárum hans þá um nóttina.

Telst þetta varða við 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Karl Friðrik Bragason skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 1.090.081.-, auk vaxta“.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 25. júlí sl. var fjöldi fólks á ferli í Austurstræti og á Lækjartorgi og ölvun almenn. Var þá lögreglumönnum, sem voru á verði á torginu, sagt, að maður hefði verið stunginn hnífi í Austurstræti. Lögreglumennirnir fóru á vettvang og lá þá maður á grúfu á götunni og ung stúlka að stumra yfir honum. Maður þessi, Karl Friðrik Bragason, kt. 171275-520, var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Nærstaddir höfðu brugðið við og haft hendur í hári þess sem talinn var hafa stungið Karl og héldu honum og afhentu lögreglunni. Var það ákærði í máli þessu. Ekki fannst hnífurinn sem talinn var hafa verið notaður, þrátt fyrir mikla leit, en mikið var af rusli á víð og dreif um götuna.

Ákærði var færður í fangageymslu og einnig var honum tekið blóð og þvag til alkóhólrannsóknar. Í blóði hans mældist annars vegar 1,14% og hins vegar 1,19% af vínanda en í þvagi 1,53%.

Í vottorði Björns Þórs Sigurbjörnssonar, skurðlæknis á skurðeild Borgarspítalans, segir, að Karl Friðrik hafi verið augljóslega undir áhrifum vímugjafa og vínlykt úr vitum hans. Þá segir í vottorðinu:

„Við skoðun koma í ljós fimm stungusár á baki ofanvert og eitt í hægri síðu. Sárið í hægri síðu og eitt milli herðablaða, heldur til vinstri við miðlínu, virðast við könnun með áhaldi, það djúp, að þau nái inn í brjósthol. Hin sárin eru grynnri og ná niður að eða í bakvöðva. Það er grunur um loftbrjóst hægra megin og jafnvel vinstra megin, mögulega áverkar á kvið frá hnífstungu í hægri síðu. Engin merki um áverka á höfði, hálsi eða útlimum sást við fyrstu skoðun. Blóðtap er áætlað af aðstoðarlækni u.þ.b. 0,5 lítrar fyrir komuna.

Fljótlega eftir komu á slysadeild leiddi lungnamynd í ljós loftbrjóst bæði hægra megin og minna vinstra megin. Sett voru svokölluð thorax-dren sitt hvorum megin (plaströr lagt í gegnum brjóstvegg inn í brjósthol og ytri hluti rörsins síðan tengdur við sog), og lega þeirra síðan staðfest á nýrri lungnamynd. Enn fremur gerð röntgenrannsókn og ómrannsókn af kviðnum, en þær rannsóknir sýndu ekki áverkamerki í kviðarholi. Blóðprufur innan eðlilegra marka. Þar sem sjúklingurinn var stabíll m.t.t. starfsemi hjarta og blóðrásar, loftskipta, kviðarstatus, nýrnastarfsemi og þvagframleiðslu, meðvitund eðlileg m.t.t. áhrifa vímugjafa (áfengis), engin merki til staðar um annað alvarlegt ástand eða skaða en að ofan greinir og sjúklingur kominn í fullnægjandi meðferð vegna skaða sem að ofan greinir, var ekki talin ástæða til að taka pláss á gjörgæsludeild, heldur var sjúklingur talinn hæfur til innlagnar á almenna legudeild. Húðsárin saumuð á slysa-deildinni og sjúklingur síðan lagður inn á almenna legudeild skurðeildar. Líðan KFB er, um eftirmiðdaginn 25/7 93, eftir atvikum góð, verkir í lágmarki með hjálp pethidins (morfin-skylt verkjalyf), starfsemi hjarta- og blóðrásarkerfis eðlileg, lungnastarfsemi góð, þvagútskilnaður góður, meðvitund minnkuð af völdum verkjalyfja. Á fyrstu 6 klst. hafa komið u.þ.b. 900 ml blóðs í thorax-drenin samanlagt. Blóðhagur hans hefur þess vegna versnað nokkuð þennan fyrsta sólarhring.

Reikna má með að KFB muni þurfa að hafa thorax-drenin sítengd lagi 5-6 daga a.m.k. og ætti hann að geta útskrifast til síns heimilis að þeim tíma liðnum, ef ekki koma til neinar komplikationir eða ný merki um áður óvitaða áverka.

Samantekt: Segja má að KFB hafi aðfaranótt 25/7 93 hlotið áverka, með þannig verkfæri og á þann líkamshluta, sem hæglega hefði getað valdið mun meiri skaða en raun bar vitni eða jafnvel fjörtjóni, og er líf og ástand sjúklings nú því að þakka að stunguvopnið ekki fór dýpra eða með annarri

stefnu en í raun varð og því að hann komst til meðferðar svo fljótt sem í raun varð, enda var komuástand sjúklingsins, loftbrjóst og meðfylgjandi samfall á loftskiptandi lungnavef alvarlegt og jafnvel lífshótandi ástand og þörf skjótrar og fullnægjandi meðferðar mikil, eins og honum var hér veitt.“ Læknirinn hefur einnig skýrt frá því fyrir dóminum að Karl Friðrik hefði getað lifað 10-12 klukkustundir án þess að fá hjálp, en þó sé ekki heldur víst, að hann hefði dáið af áverkanum.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi byrjað áfengisdrykkju um kl. átta kvöldið áður og drukkið fram eftir nóttu. Um nóttina, eftir kl. þrjú, muni hann eftir sér niðri í Austurstræti á tali við einhvern strák. Hafi þá bróðir hans, Atli Björgvin, sem þarna var staddur, kallað til sín og sagt að strákur, sem hann benti á, væri að angra sig. Hafi hann beðið ákærða um að kalla á vini sína sem þarna hafi verið í grenndinni. Kveðst hann hafa gengið til bróður síns og spurt hinn strákinn hvort hann væri að angra bróður hans. Strákurinn hafi engu svarað og bara brosað. Í þeim svifum hafi borið þarna að nokkra síðhærða pilta og kveðst ákærði hafa reynt að róa þá og spurt á þá leið hvort þeir væru ekki allir komnir til þess að skemmta sér. Einn piltanna, sem var með þykk gleraugu, hafi þá tekið í sig og farið með sig afsíðis. Hann hafi slitið sig frá stráknum og hlaupið aftur til bróður síns sem hafi staðið fyrir framan hóp af piltum. Í lögregluskýrslu, sem ákærði gaf síðdegis þennan sunnudag, segir hann sig muna, að hann hafi stokkið á einn af þessum piltum og fellt hann í götuna svo að hann lá þar alveg flatur. Hélt hann að þetta hefði verið sá sem hafði verið að angra bróður hans. Að minnsta kosti hefði hann ætlað að rjúka í hann. Kveðst hann hafa tekið upp fjaðurhníf sem hann bar á sér og stungið strákinn margsinnis með hnífnum þar sem hann lá. Kveðst hann hafa verið með lokuð augun meðan hann var að þessu en fundið að hnífurinn gekk inn í hold við síðasta lagið. Kveðst hann þá hafa opnað augun og áttað sig á því sem hann hafði gert og orðið mjög hræddur. Hafi hann staðið á fætur, brotið saman hnífinn og stungið í vasann að því er hann heldur. Hafi hann hlaupið á brott en verið felldur í götuna og haldið þar til lögreglan kom. Hér fyrir dóminum hefur hann sagt að hann hafi slitið sig frá piltinum og hlaupið aftur í áttina til bróður síns sem hafi staðið andspænis piltunum. Næst minnst hann þess að hann hafi legið í götunni og hafi einn pilturinn kropið yfir sér og hafi það verið sá sem fellt hafi hann í götuna. Hafi hann haldið, að þetta væri sá, sem hefði verið að angra bróður hans. Kveðst hann hafa tekið upp fjaðurhníf sem hann var með í buxnavasa og stungið strákinn með hnífnum þar sem hann lá. Ákærði kveðst aðeins muna eftir einni hnífstungu en kveður sig þó vita af því að þær hafi verið fleiri. Neitar hann því ekki að þær hafi verið sex.

Ákærði getur ekki skýrt hvarf hnífsins en telur hann hafa getað dottið úr vasa hans þegar hann var felldur í götuna.

Ákærði segist hafa beitt hnífnum af hræðslu við alla þessa stráka og hafi hann beitt hnífnum til þess að hrekja þá frá sér og ekki hafi vakað fyrir sér að svipta piltinn lífi. Hafi ekki hvarflað að sér þegar hann beitti hnífnum að hann gæti drepð piltinn. Ef hann hefði hugsað skýrt á þessari stundu hefði hann ekki stungið hann með hnífnum.

Karl Friðrik Bragason hefur skýrt frá því að hann hafi byrjað áfengisneyslu um miðnætti og því verið nokkuð undir áfengisáhrifum þegar atburðurinn varð en þó ekki mjög. Um rúmlega hálfjögurleytið hafi hann verið staddur á Lækjartorgi. Þar hafi verið hópur fólks. Skammt frá hafi tveir strákar staðið og rifist og ýtt hvor við öðrum, lítillaga. Hann hafi ekki þekkt þá en þó vitað að annar þeirra sé kallaður Gummi. Skyndilega hafi ókunnugur strákur komið þarna að, æstur í fasi, og ætlað að skipta sér af þessu. Kveðst Karl Friðrik þá hafa ætlað sér að afstýra slagsmálum og grip-ið í axlir þess nýkomna og róa hann eins og honum hefði verið kennt í sambandi við dyravörslu, sem hann hefði unnið við. Þá kveðst hann muna eftir einhverjum orðaskiptum sínum þarna en ekki muna við hvern. Það hafi þó ekki verið neitt rifrildi. Um leið hefði strákurinn náð taki á öxl hans og getað dregið hann niður svo að þeir stóðu hoknir. Hann hafi svo fundið fyrir höggum í bakið og haldið að strákurinn væri að berja hann í bakið með einhverju áhaldi eða hnúajárnum. Hann hafi svo heyrt stúlkurödd segja: „Hann er með hníf!“ og þá ýtt stráknum frá sér og séð blóðugan hníf í hægri hendi hans. Við þetta hafi strákurinn misst hnífinn en tekið hann upp aftur og hlaupið á brott.

Atli Björgvin Oddsson, 16 ára bróðir ákærða, var þarna nærstaddur en sá ekki sjálf átökin. Hann hefur sagt að einhverjar ýfingar hafi orðið með sér og strák sem hann kannast við og kallaður er Kalli og spilar á trommur og er í „Sniglunum“. Hafi þetta verið í Austurstræti á móts við skemmti-staðinn Berlín. Ákærði hafi þá komið þarna að og spurt hvað strákurinn væri að abbast upp á bróður hans og hafi ákærði tekið við af sér að rifast við strákinn en sjálfur hafi hann hrökklast frá. Næst hafi hann séð það til ákærða að hann hljóp á brott og tveir strákar á hæla honum.

Vitnið Benedikt Jónsson hefur skýrt frá því að þar sem hann stóð rétt austan við pylsuvagninn í Austurstræti hafi hann veitt athygli tveimur piltum þar skammt frá og nær pylsuvagninum. Hafi annar þeirra virst vera að klappa hinum á bakið neðanvert og undir jakkanum að því er virtist. Sá vitnið þann pilt hníga niður og heyrði sagt að hann hefði verið stunginn. Í sömu andrá hafi hinn hlaupið á burt og annar piltur, sem vitnið kannaðist

ekki við, hlaupið á eftir honum. Sjálfur hafi hann hlaupið á eftir þeim og séð að pilturinn virtist halda á hnífi í krepptum hnefa, líkustum fjaðurhnífi með svörtu skafti. Þeir hafi náð pilti þessum og fellt til jarðar og haldið honum þar til lögreglan kom. Hafi pilturinn þá ekki verið með neinn hníf.

Vitnið Ólafur Hafsteinsson var staddur í Austurstræti. Hafi þá kallað til hans strákur sem kallaður sé Kalli og sé í „Sniglunum“ og kveðst vitnið hafa farið til hans. Hafi Kalli verið að rifast við tvo stráka sem vitnið þekkir ekki. Kveðst hann hafa tekið annan þessara pilta afsíðis og beðið hann að vera ekki að skipta sér af þessu. Þegar hann hafi snúið sér við hafi hann séð að Kalli og hinn strákurinn voru í áflogum. Hafi Kalli verið hálfboginn og við það að falla í götuna en strákurinn virst vera að berja hann í bakið. Hafi hann verið með eitthvað silfurlitað í hendi. Hafi Kalli haldið um kvíðinn vinstra megin. Vitnið kveðst hafa hlaupið á eftir stráknum og náð honum við járnhliðið, sem er við Dómhússdyrnar, og fellt hann til jarðar. Fleiri hafi komið að og hjálpað til við að halda stráknum þar til lögreglan kom.

Vitnið Guðmundur Ragnarsson stóð við pylsuvagninn og kveðst hann hafa hitt Karl Friðrik þarna. Hafi Karl beðið þá Ólaf Hafsteinsson að hjálpa sér þar sem strákar ætluðu að berja hann. Hafi Karl bent á einn þeirra og sagt að það væri aðallega sá. Kveðst vitnið hafa tekið um axlir piltinum og gengið með hann nokkra metra frá. Pilturinn hefði svo hlaupið frá sér og aftan að Karli og slegið hann 7-8 sinnum í bakið. Hafi glitt á eitt-hvað í hendi piltsins en vitnið kveðst ekki hafa áttað sig á því að verið væri að stinga með hnífi. Hafi þeir báðir staðið í fæturna meðan á fyrstu höggunum gekk en síðan hafi Karl Friðrik lagst í götuna. Þeir Ólafur hafi hlaupið á eftir stráknum og náð honum og yfirbugað.

Niðurstæða.

Með því, sem rakið er hér að ofan, er sannað að ákærði stakk Karl Friðrik Bragason sex sinnum með hnífi með þeim afleiðingum sem rækilega er lýst í ákæru og læknisvottorði. Verður að telja, að þessi árás hans hafi verið af litlu tilefni. Verður að hafna þeirri frásögn hans hér fyrir dómi að Karl Friðrik hafi fellt hann í götuna og kropið yfir honum þegar ákærði stakk hann, enda rekst hún á fyrri skýrslu hans í málinu og framburð annarra. Ákærða hlaut að vera ljóst að hnífstungurnar gátu hæglega orðið Karli Friðriki að bana. Hefur hann með þessu orðið sekur um brot gegn 21l. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Einar Gautur Steingrímsson hdl. hefur í bréfi, dagsettu 17. ágúst sl., krafist þess fyrir hönd Karls Friðriks Bragasonar að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 1.090.081 í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum. Ekki er getið upphafs dags vaxta. Er krafan sundurliðuð sem hér segir:

Pegar útlagður kostnaður	kr.	2.100
Fatnaður	kr.	2.500
Miskabætur	kr.	1.000.000
Lögmanskostnaður	kr.	68.660
Vsk.	kr.	16.821

Í bréfi þessu segir að lokum að áskilinn sé réttur til þess að koma að frekari rökstuðningi fyrir kröfunni á síðari stigum málsins og höfða sérstakt bótamál á hendur ákærða. Ekki fylgdu bréfi þessu nein gögn um fjárhags-tjón Karls Friðriks af völdum ákærða. Í öðru bréfi, dagsettu 27. f.m., segir að þau leiðu mistök hafi orðið í fyrra bréfi að láðst hafi að krefjast bóta fyrir skemmdir á leðurjakka sem Karl Friðrik var í. Sé því krafist 30.000 króna til viðbótar fyrri kröfu. Ekki fylgdu bréfinu nein gögn um verðmæti jakkans. Ekki var mætt í málinu af hálfu lögmansins til þess að skýra kröfuna frekar.

Meðal sakargagna er rækileg skýrsla tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins um fatnað Karls Friðriks Bragasonar. Kemur þar fram að jakkinn er svartur leðurjakki, mótorhjólajakki, nokkuð slitinn með þrjú stungugöt á baki. Karl Friðrik hefur einnig sýnt jakkann í dóminum og upplýst að hann hafi keypt hann fyrir tveimur árum í Bretlandi fyrir um 21.000 krónur. Þá kemur fram í skýrslunni, að síðerma þaðmullarskyrta og nærbolur hans hafi eyðilagst. Er þetta einnig allt glöggt af ljósmyndum í málinu.

Vísa ber frá kröfuliðnum um útlagðan kostnað vegna vanreifunar. Aftur á móti þykir hæfilegt að dæma ákærða til þess að greiða Karli Friðriki 6.000 krónur fyrir fataskemmdir og 300.000 krónur í miskabætur. Þá þykir með heimild í 4. mgr. 172. gr. oml. mega dæma ákærða til þess að greiða Karli Friðriki 3.000 krónur í bætur vegna lögmannaðstoðar. Er þá höfð hliðsjón af því hvernig staðið hefur verið að kröfugerðinni. Vaxtakrafa er óljós og ber að vísa henni frá dómi.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. Vegna ungs aldrs hans þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni ber að draga 13 daga gæsluvarðhaldsvist sem hann hefur sætt vegna málsins.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til Arnar Clausen hrl., 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Trausti Oddsson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni er dregin 13 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði Karli Friðriki Bragasyni, kt. 171275-520, 309.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.
